



SKÝRSLA STJÓRNAR 2017

Skýrsla stjórnar STAG árið 2017

Stjórn og nefndir starfsárið 2017 til 2018

Stjórn STAG starfsárið 2017 til 2018

Kristján Hilmarsson – formaður
Þorgerður Kristinsdóttir – gjaldkeri
Sigurður Hafliðason – ritari/varaformaður
Hallgrímur Viktorsson – meðstjórnandi
Þorbjörg Kolbeinsdóttir – meðstjórnandi

Vala Dröfn Hauksdóttir – varastjórn
Trausti Valsson – varastjórn

Orlofsnefnd:

Dröfn Ágústsdóttir, Sigurbjörn Sveinsson og Hallgrímur Viktorsson fulltrúi stjórnar
Til vara: Anna Margrét Halldórsdóttir og Jónína Skaptadóttir.

Menntasjóður:

Edda Tryggvadóttir og Trausti Valsson fulltrúi stjórnar
Til vara: Smári Guðmundsson og Gunnar H. Richardsson

Vísindasjóður:

Skarphéðinn Jónsson og Þorbjörg Kolbeinsdóttir, fulltrúi stjórnar

Skoðunarmenn reikninga:

Lára Gísladóttir, Hjördís Hermannsdóttir

Skrifstofa STAG

Skrifstofa félagsins er opin fjóra daga vikunnar, mánudaga miðvikudag, fimmtudaga og föstudaga frá kl 11:00 til 15:00.

Orlofssjóður STAG:

Orlofsnefnd hafði í nógu að snúast á árinu 2017. Í ársbyrjun var farið í vinnuferð til Spánar og innbú í húsinu okkar endurnýjað að stórum hluta. Stjórn Stag ákvað að selja gamla bústaðinn í Kjarnaskógi til brottflutnings og hefja byggingu á nýjum og glæsilegum bústað á sama stað. Vatnstjón varð í Skógarbær, gerðar voru endurbætur á bústaðnum í kjölfarið. Orlofsnefnd mun fara yfir þetta hér á eftir.

Framlag launagreiðenda í orlofssjóð er 1,8% af öllum launum félagsmanna STAG

Fjármál STAG

Heildarafkoma sjóðanna samtals eru 32,5 millj.kr. árið 2017. Rekstrarkostnaður félagsins er 38,017.240 kr..

Heildareignir eru 243 ,3 m.kr. þar af 99,7 millj. í handbært fé. Langtímaskuldir eru 18,9 millj.kr.

Allir sjóðir félagsins eru með jákvæða afkomu.

Kjarasamningar og fl

Engar kjaraviðræður voru í gangi á árinu, enda kjarasamningur í gildi til mars.2019.

Haldnir voru 14 stjórnarfundir á árinu

Starfsmenntasjóður STAG:

Árið 2017 var úthlutað úr sjóðnum til 128 félagsmanna, í stað 117 í fyrra, alls að upphæð 6.114.816 kr en það er aukning um 521.163..kr á milli ára.

Upphæðir styrkja í starfsmenntasjóð eru þessar.

Allt að 45.000 kr. eftir 1 ár í starfi.

Allt að 65.000 kr. eftir 3 ár í starfi.

Allt að 95.000 kr. eftir 5 ár í starfi.

Haldnir voru 12 fundir hjá stjórn sjóðsins árið 2016

Gjald launagreiðenda í starfsmenntasjóð er 0,3% af heildarlaunum félagsmanna. Allir félagsmenn í STAG geta sótt um styrk í sjóðinn eftir eins árs aðild að Stag

Vísindasjóður STAG:

Árið 2017 fengu félagsmenn í sjóðnum úthlutað alls 5.585.075. kr

Í árslok 2017 eru 37 háskólamenntaðir félagsmenn í STAG aðilar að vísindasjóði.

Framlag Garðabæjar í vísindasjóð er 1,5% af föstum dagvinnulaunum.

Styrktarsjóður BSRB:

STAG er aðili að styrktarsjóð BSRB og fara greiðslur launagreiðenda í þann sjóð. Allar upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu BSRB undir Styrktarsjóður.

Iðgjald launagreiðenda í styrktarsjóðinn er 0,75% af heildarlaunum starfsmanna.

Mannauðssjóður KSG:

Úr mannauðssjóð KSG fengu nokkrar stofnanir hjá Garðabæ úthlutað styrkjum á árinu. Stag, Starfsmannafélag Kópavogs og Starfsmannafélag Suðurnesja eru aðilar að sjóðnum. Þessi sjóður er ekki ætlaður einstaklingum heldu sækir viðkomandi stofun um styrki fyrir sína starfsmenn fyrir náms og kynnisferðir bæði innanlands og utan..

Framlag launagreiðenda í mannauðssjóð er 0,3% af heildarlaunum starfsmanna.